

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2257
komudagur 16.4.2008

FÍN
Félag íslenskra
náttúrufræðinga



Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 10. apríl 2008

Umsögn Félags íslenskra náttúrufræðinga er varðar tillögu til þingsályktunar um óháð áhættumat vegna Urriðafossvirkjunar, Holtavirkjunar og Hvammsvirkjunar í Þjórsá – 52. mál

Félagi íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) barst bréf frá Umhverfisnefnd Alþingis dagsett 13. mars 2008 þar sem óskað er eftir að félagið veiti umsögn ofnanefnda tillögu.

Fyrirsögn tillögunar gefur til kynna að áhættumót sem unnin hafa verið vegna stórframkvæmda geti í einhverjum tilvikum ekki talist óháð. Er þá vitnað til þess að lögum samkvæmt er það framkvæmdaaðili sem kostar slíkt mat. Hætt er við að vinna sérfræðinga að umhverfismati og þar með hættumati verði tortryggt meðan þessi háttur er hafður á og er illt fyrir fagfólk að sitja undir því.

Efnislega er félagið fylgjandi því að frekari rannsóknir fari fram á mögulegum hættum sem fylgt geta ofangreindum framkvæmdum en leggur áherslu á að faglega sé unnið að málum þannig að yfir allan vafa sé hafið að niðurstöður séu í samræmi við staðreyndir

Virðingarfyllst,
f.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga

Páll Halldórsson, formaður FÍN